

Grunuð um að kveikja í eigin íbúð á Hringbraut:

Konan sætir geðrannsókn

Lögreglan hefur í haldi konu sem grunuð er um að hafa kveikt í íbúð sinni að Hringbraut í fyrrakvöld. Konunni hefur verið gert að sæta geðrannsókn en hún var í mjög annarlegu ástandi þegar lögreglu og slökkvilið bar að garði. Töluverður eldur var í íbúðinni, sem er í sex hæða fjölbýlishúsi, og ljóst að hún er stórskemmd en einnig barst töluverður reykur í aðra íbúð en engan sakaði.

Konan var flutt á sjúkrahús til aðhlygningar en þaðan var hún send í fangageymslur lögreglunnar þar sem ekki tókst að fá hana flutta á geðheilbrigðisstofnun. Ljóst er að framferði konunnar stofnaði öðrum íbúum fjölbýlisins í stórhættu en að sögn lögreglu veltur framvinda



Eldsvoði á Hringbraut. Konan er grunuð um að hafa kveikt í sinni eigin íbúð í fyrrakvöld.

málsins að miklu leyti á niðurstöðu geðrannsóknar.

Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, segir að af og til komi upp mál þar sem erfiðlega gengur að fá vistun á bráðamóttöku, oftast sökum plássleysis eða slæms ástands sjúklinga. Þá hafi vistun

í fangaklefa verið notuð sem neyðarúrræði.

„Við í Geðhjálp höfum gert ítrekaðar athugasemdir við þetta og við höfum ástæðu til að ætla að þessi mál séu komin í betra horf en í þessu atviki vekur það ákveðinn ótta að þarna sé pottur brotinn.“